

Sumarið 2013

Fornir fimmtudagar

Hið þingeyska fornleifafélag í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn, Menningarmiðstöð Þingeyinga og Byggðasafn Skagfirðinga stendur að gönguferða- og heimsóknadagskrá um minjasvæði í Þingeyjarsýslu sumarið 2013. Fræðimenn taka á móti gestum á eftirtöldum stöðum þar sem rannsóknir eru eða hafa verið í gangi.

Fimmtudagur 18. júlí

Hrísheimar í Mývatnssveit

Kl. 20:00 (1-1,5 klst.) Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson.

Á árunum 2001-2006 fóru fram fornleifarannsóknir á eyðibýlinu Hrísheimum í Mývatnssveit. Í ljós komu leifar bæjar frá fyrstu öld byggðar í landinu. Fundust þar m.a. jarðhús sem líklega hafa verið fyrstu húsakynni landnemanna, sem og leifar bæjarhúsa og minja um allumfangsmikla járngerð. Skammt frá bænum fannst dys sem gæti verið leifar af grafreit þessa merka fornþýlis. Farið verður með gesti á staðinn, sagt frá árangri uppgrafterins og gengið um örfoka tún hinna fornu Hrísheima. Mæting við afleggjara til vinstri að lítilli námu alveg við veginn rétt áður en komið er að brúnni yfir Gautlandalæk á leiðinni að Heiði, þaðan gengið á staðinn u.þ.b. 5-10 mín. gangur.

Föstudagur 26. júlí

og laugardagur 27. júlí

Opinn dagur að Þverá í Laxárdal á vegum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Kl. 12-17 Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Þingeyinga tekur á móti gestum.

Þverárbærinn var reistur á seinni hluta níttjándu aldar af Jóni Jóakimssyni, sem annálaður var fyrir vandvirkni. Á Þverá er margt hugvitsamlega gert, t.d. er lækur leiddur gegnum brunnhús innst í bænum. Í gamla torfbænum var Kaupfélag Þingeyinga, elsta kaupfélag landsins, stofnað árið 1882. Þjóðminjasafn Íslands tók bæinn í sína vörslu árið 1968 og var fljótlega hafist handa við viðgerðir.



Mynd: Simon Sverrisson

Fimmtudagur 1. ágúst

Fremri Fjöll í Kelduhverfi

Kl. 20:00 (1-1,5 klst) Stefán Ólafsson og Árni Einarsson.

Ekið að bænum Fjöllum, safnast þar í bíla og ekið að Fremri Fjöllum.

Fremri Fjöll eru 3,5 km sunnan við bæinn Fjöll í Kelduhverfi og voru notuð sem beitarhús á 19. og 20. öld. Fremri Fjöll er töftasvæði sem er um 360x600m að stærð og þar má finna tvær skálalaga töftir og stórt og flókið garðakerfi. Ef stærri töftin sem hefur þetta skálalag er skáli í raun mun hann vera með stærri skálum á Íslandi, stærri en Hofstaðaskálinn.

Byrjað verður á að skoða minni skálann og síðan þann stærri, litið yfir garðakerfið og jafnvel á útihúsin.



Mynd: Árni Einarsson

Fimmtudagur 8. ágúst

Rauðablástur á Skógum í Fnjóskadal

Kl. 20:00 (1-1,5 klst.)

Guðmundur Stefán Sigurðsson, fornleifafræðingur hjá Byggðasafni Skagfirðinga.

Árin 2011 og 2012 unnu fornleifafræðingar á vegum Byggðasafns Skagfirðinga að fornleifauppgreftir í landi Skóga í Fnjóskadal vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð Vaðlaheiðarganga. Í ljós kom að vinnsla járns úr mýrarauða eða svonefndur rauðablástur var stundaður á Skógum frá því fyrir 1104, en framleiðsla var hætt nokkru fyrir 1300. Ljóst er að framleiðsla járns á staðnum hefur hlaupið á tonnum. Uppgröfturinn á Skógum er merkileg viðbót við iðnsögu landsins, þar sem jafn umfangsmikill járnvinnslustaður hefur ekki áður verið grafinn upp í heild sinni né heldur hafa jafn margar deiglar og deiglubrot áður fundist á einum stað. Munu niðurstöður uppgraftarins því varpa ljósi á margt er varðar innlenda framleiðslu og endurvinnslu á málum á fyrri tímum.

Fimmtudagur 15. ágúst

Mývatn og menn í aldanna rás

Kl. 19:00 (1,5-2 klst.) Árni Einarsson.

Heimsókn í Náttúruannsóknastöðina við Mývatn, sem er á Skútustöðum 1 (við hliðina á Skjólbrekku). Þar eru stundaðar víðtækar rannsóknir á lífríki og sögu Mývatns og nágrennis í samvinnu við ýmsa háskóla heima og erlendis. Árni Einarsson, forstöðumaður stöðvarinnar, mun taka á móti okkur og skýra frá helstu rannsóknarverkefnunum og ýmsu forvitnilegu og skemmtilegu sem tengist náttúru Mývatns og Laxár.

Föstudagur 23. ágúst

Opinn dagur að Þverá í Laxárdal á vegum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Kl. 12-17 Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Þingeyinga tekur á móti gestum.

Dagskrá með svipuðu sniði og í júlí.

Allir eru velkomnir í göngurnar sem eru ókeypis. Ekki er þörf á skráningu þátttakenda. Þátttakendur eru hvattir til að vera í góðum skóm, hafa með sér vatnsflösku og flugnanet ef hlýtt er í veðri. Göngustafir koma að notum í öllum göngunum. Frekari upplýsingar er að finna á www.fornleifafelag.is eða í síma 846 8573 (Baldur) eða 894 4594 (Unnsteinn)

Vinsamlega geymið auglýsinguna.

Samstarfsaðilarnir

